

AUGLÝSING

um staðfestingu á á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. maí 1989 staðfest uppdrátt um breytta landnotkun á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur. Breytingin er í því fólgin að landnotkun á staðgreinireit 1.286.1, sem markast af Safamýri, Háaleitisbraut og Miklubraut, verður svæði fyrir verslun og þjónustu í stað íbúðasvæðis.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1989.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir árlega skoðun á sjósetningarbúnaði gúmmíbjörgunarbáta.

1. gr.

Gjöld fyrir árlega skoðun á sjósetningarbúnaði gúmmíbjörgunarbáta skulu vera sem hér segir:

- | | |
|--|--------------|
| 1. Sjósetningarbúnaður á skipum 15 m og lengri skv. gr. 8.2. reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 sbr. nr. 171/1987 og 80/1988 hvert skip | kr. 4 800,00 |
| 2. Sjósetningarbúnaður umfram kröfur, hver búnaður | kr. 2 000,00 |
| 3. Losunarbúnaður samkvæmt gr. 8.1. reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 sbr. nr. 171/1987 og 80/1988 | kr. 3 200,00 |

2. gr.

Gjöld samkvæmt 1. gr. skulu innheimt af þeim aðilum sem siglingamálstjóri hefur veitt heimild til að annast skoðun og viðhald sjósetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 34. gr. laga nr. 51/1987 um eftirlit með skipum og gr. 8.6. reglna um björgunar- og öryggisbúnaða íslenskra skipa nr. 325/1985 sbr. nr. 171/1987 og 80/1988 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 88/1987.

Samgönguráðuneytið, 12. maí 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.